

Atvinnuveganefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis
101 Reykjavík
Netfang: nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 15. nóvember 2023
E-2023-275/00.11

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003 (raforkuöryggi o.fl.), 348. mál

Landsvirkjun vísar til umsagnarbeiðni frá atvinnuveganefnd Alþingis sem send var í tölvupósti 1.11.2023. Um er að ræða endurflutt frumvarp með lítils háttar breytingum. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á raforkulögum nr. 65/2003, sem snúa að því að tryggja almenningi og smærri fyrirtækjum forgang komi til skömmtunar vegna óviðráðanlegra atvika og önnur úrræði duga ekki til. Einnig er frumvarpinu mælt fyrir um söfnun og miðlun upplýsinga varðandi raforkuöryggi á heildsölumarkaði sem og viðmið fyrir raforkuöryggi. Setning frumvarpsins er jákvætt skref í rétta átt og þakkar Landsvirkjun fyrir þær breytingar sem gerðar voru á því í kjölfar athugasemda fyrirtækisins þegar málið var til samráðs á 153. þingi.

Fagnaðarefni er að raforkuöryggi sé nú í brennidepli stjórnvalda en á síðustu árum hefur nýting virkjana farið jafnt og þétt vaxandi og eftirspurn vaxið hraðar en sem nemur auknu framboði. Afleiðingin er minna svigrúm til að bregðast við áföllum í vinnslu- og flutningskerfi raforku eða óvæntri minnkun á framboði til almennra notenda, t.d. ef vexti í orkusækinni starfsemi fylgir ekki aukin orkuöflun. Landsvirkjun er þeirrar skoðunar að þetta ástand sé ekki tímabundið og að mikilvægt sé að brugðist verði við með lagabreytingum sem tryggi markvissari umgjörð um raforkuöryggi.

Eins og áður segir snýr það lagafrumvarp sem hér er til umsagnar að því að tryggja almenningi og smærri fyrirtækjum forgang komi til skömmtunar vegna óviðráðanlegra atvika og önnur úrræði duga ekki til. Lögfesting þessa frumvarps yrði afar gott skref en mikilvægt er að ekki verði beðið lengi með næstu skref, t.d. að skýra leikreglur í umhverfi kerfisbundinnar umframeftirspurnar sem ekki stafar af óviðráðanlegum atvikum. Landsvirkjun er þeirrar skoðunar að slíkt ástand sé þegar komið upp á íslenskum raforkumarkaði og hefur af því áhyggjur.

Landsvirkjun vill enn fremur nefna að orkuöryggi er fyrirtækinu hugleikið og hefur það undanfarin ár tekið virkan þátt í vinnu stjórnvalda við að hanna umgjörð um raforkuöryggi á Íslandi. Fyrirtækið tók t.a.m. virkan þátt í vinnu starfshóps sem skilaði af sér skýrslu um orkuöryggi á heildsölumarkaði fyrir raforku í ágúst 2020 og aftur í vinnu starfshóps um orkuöryggi sem skilaði af sér tillögum til ráðherra um ýmsar úrbætur á regluverki í júní 2022. Landsvirkjun er hér eftir sem hingað til tilbúin að aðstoða stjórnvöld við frekari útfærslu umgjardar um raforkuöryggi á Íslandi. Í þeirri vinnu hvetur fyrirtækið stjórnvöld áfram til að horft verði sérstaklega til eftirfarandi atriða:

- Að horfa til erlendra fyrirmýnda og að inngríp stjórnvalda gangi ekki lengra en þörf krefur.
- Að fyrirkomulag raski ekki samkeppni og að hugað sé að almennum jafnræðisreglum.
- Að vel sé farið með auðlindir og að fyrirkomulag tryggi að orkuauðlindum sé ekki sóað.
- Að lágmarka kostnað sem ójákvæmilega fylgir því að tryggja orkuöryggi.

Að lokum vill Landsvirkjun benda á að gott væri ef hugtökin „heildsala“ og „smásala“ á raforku yrðu skilgreind í raforkulögum til að gæta skýrleika og sameiginlegs skilnings.

Virðingarfyllst,



Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri

Pórólfur Nielsen
Forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni